



Fréttaskot úr skólalífinu, janúar 2008
Umsjón og ábyrgð: Már Vilhjálmsson

Menntaskólinn við Sund

GNÓÐARVOGI 43, 104-REYKJAVÍK, SÍMI: 580-7300,
BRÉFASÍMI: 580-7301. HEIMASÍÐA: HTTP://WWW.MSUND.IS

STUBBUR

ÁRGANGUR 8, TBL. 1

Smælki

Af tungumála- kennslu

Árið 1974 útskrifuðust flestir stúdentar af málabraut eða 70 talsins, 34 piltar og 36 stúlkur. Það ár voru nemendur af málabrautinni 44,3% brautskráðra.

Árið 2004 brautskráðust aðeins 16 stúdentar af málabraut en lægst var hlutfall brautskráðra af málabraut árið 1985 en þá voru þeir aðeins 10,24% brautskráðra. Árin 1985 og 1986 brautskráðust aðeins 17 nemendur af málabraut.

Í núverandi námskrá eru tungumál, að meðtöldu móðurmáli, 48 einingar af 140 á báðum kjörsviðum félagsfræðabrautar. Á náttúrufræðibraut vega tungumálin 43 einingar af 140 á öllum kjörsviðum brautarinnar. Á málabraut er vægi tungumála töluvert meira eða 78 einingar af 140 á hugvísindakjörsviði en 87 einingar á latínukjörsviði.

Kennarar í tungumálum á vorönn 2008 eru 16 talsins. Í ensku eru þeir 4, í íslensku 5 og í þýsku eru 3 kennarar. Í spænsku er einn kennari og 3 kennarar í dönsku. Stöðugildi í tungumálum eru rúmlega 15.

Eftirfarandi tungumál hafa verið kennd við skólann:

Íslenska, enska, danska, sænska, þýska, franska, spænska, latína, ítalska og rússneska.

Menntaskólinn við Sund
sími: 580-7300, bréfasími: 580-7301
netfang: msund@msund.is
vefsíða: <http://www.msund.is>

Breytingar á málabraut og latínukennslu frá stofnun skólans

Unnið upp úr samantekt Sigurðar Ragnarssonar

Eins og fram kemur í Stubbi frá því í október 2007 hefur verið máladeild við skólann allt frá upphafi hans en stofnun sérstakrar latínulínu (kjörsviðs) má hins vegar rekja aftur til ársins 1987. Latína hefur þó verið kennd við skólann frá fyrstu tíð. Reyndar er það svo að þeir stúdentar sem tóku flestar einingar í latínu brautskráðust frá skólanum fyrir tíð sérstakrar latínulínu eða latínukjörsviðs.

Latína: Fyrsta útskriftarár skólans tóku allir nemendur skólans 4 einingar í latínu og nemendur málabrautar, sem þá var óskipt, luku 14 einingum í latínu. Árið 1974 hafði latínan verið gerð valfrjáls á málabrautinni. Nemendur málabrautar völdu annað hvort latínu eða sögu og ef latínan var valin var stúdentsprófið frá skólanum með 16 einingum í latínu sem er það mesta í þeirri grein í sögu skólans. Þetta fyrirkomulag var viðhaft nánast óbreytt næstu ár með þeirri undantekningu að árin 1975 og 1976 voru einingarnar 15 en ekki 16 eins og árið 1974. Árið 1977 var gerð kerfisbreyting á skipulagi máladeildarinnar. Allir nemendur hennar voru nú skyldaðir til að taka latínu og voru 12 einingar í latínu til stúdentsprófs. Latínan varð 5 tungumálið á málabrautinni. Þetta fyrirkomulag hélst til ársins 1987 með þeirri breytingu þó að einingum í latínu var fækkað úr 12 í 10 og voru nemendur fyrst brautskráðir með þeirri tilhögun árið 1983. Árið 1987 voru í fyrsta sinn brautskráðir stúdentar af sérstakri latínulínu málabrautar. Málabrautinni hafði verið skipt í tvær línur, latínu- og hugvísindalínu. Það vekur athygli að sú ráðstöfun að skipta málabrautinni í tvennt, sem án vafa hefur haft þann tilgang að styrkja brautina leiddi ekki til þess að nemendum fjölgaði varanlega á brautinni, né heldur styrktist latínukennsla við skólann. Breyting á stöðu latínunnar og vægi hennar í námskránni endurspeglar þær breytingar sem orðið hafa í þjóðfélaginu og vaxandi vægi annarra námsgreina í skólanámskránni.

Aðsókn að málabraut: Fyrstu 4 útskriftarár skólans brautskráðust nemendur skólans af tveimur námsbrautum, náttúrufræðibraut og málabraut. Þessi ár var um 40% brautskráðra nemenda skólans af málabraut. Fyrstu nemendurnir voru brautskráðir af félagsfræðabraut árið 1977. Frá þeim tíma til ársins 2005 hafa nemendur af málabraut verið tæp 17% brautskráðra stúdenta en hlutfall þeirra frá upphafi skólans til og með 2004 er 19,4%. Aðstókn að málabrautinni er töluvert breytileg og virðist aðsóknin fylgja 10 ára sveiflu. Stúlkur hafa alltaf verið fjölmennari piltum á málabrautinni. Um 75% brautskráðra stúdenta af brautinni eru stúlkur en piltar eru um 25%. Nánar er gerð grein fyrir þessum þáttum í töflunni á bakhlið þessa einblöðungs.

Námsferðir til útlanda á vegum skólans - Úr samantekt Péturs Rasmussen

Fyrsta námsferð til útlanda í Menntaskólanum við Sund var farin vorið 1987 til Kaupmannahafnar. Það var hópur nemenda í valgrein í dönsku og frá þeim tíma hafa slíkir hópar farið um það bil annað hvert ár, eða í 12 skipti. Nemendur frá MS hafa búið á dönskum heimilum og tengst nemendum í ákveðnum skóla. Oftast hafa Danirnir endurgoldið heimsóknina og gist heima hjá okkar nemendum. Markmiðið hefur verið að læra tungumálið og kynna daglegu lífi úti en gestir okkar og gestgjafar úti hafa haft áhuga á náttúru, atvinnuvegum og fornsögum. Mest samskipti hafa verið við skóla í Hillerød. Tvisvar sinnum hafa nemendur í frönsku haft nemendaskipti við skóla í Caen í Frakklandi en nemendur í stærðfræði og náttúrufræði hafa líka í nokkur ár tekið þátt í gerð sameiginlegs áfanga og nemendaskiptum við skóla í Svíþjóð og Finnlandi. Auk þess hafa nemendur í valgrein í ítölsku, nemendur í efnafræði og nemendur í valgrein í sögu farið einu sinni í námsferð án beinna tengsla við skóla úti og loks nemendur í valgrein í rússnesku tvisvar.

Ferðir á vegum skólans eru styrktar. Helsti styrktaraðili í dag er Nordplus Junior.



AÐEINS ÞAÐ BESTA

Menntaskólinn
við Sund

Latína		Einingar í latínu		Kynjahlutfall		Latinúlína		Mála		Málabr.		Breytingar á málabraut	
% málabr. með latínuval	Fjöldi með latínu	Málabr. Stúlkur %	Málabr. Piltar %	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Allir	Allar brautir stúdentar	Samtals	% Stúd. af málabr.	meðalgildi 10 ára	meðalgildi kerfa
1973													
23,88	16	64,18	35,82	24	43	67	159	42,14	1973	1973	42,14		
15,71	11	51,43	48,57	34	36	70	158	44,30	1974	1974	44,30		
28,85	15	65,38	34,62	18	34	52	144	36,11	1975	1975	36,11		
9,52	6	57,14	42,86	27	36	63	159	39,62	1976	1976	39,62		
63,64	14	63,64	36,36	8	14	22	191	11,52	1977	1977	11,52		
63,64	14	63,64	36,36	8	14	22	169	13,02	1978	1978	13,02		
86,96	20	86,96	13,04	3	20	23	185	12,43	1979	1979	12,43		
89,66	26	89,66	10,34	3	26	29	182	15,93	1980	1980	15,93		
86,49	32	86,49	13,51	5	32	37	159	23,27	1981	1981	23,27		
81,82	18	81,82	18,18	4	18	22	163	13,50	1982	1982	13,50	25,18	
73,68	14	73,68	26,32	5	14	19	171	11,11	1983	1983	11,11		
75,00	15	75,00	25,00	5	15	20	181	11,05	1984	1984	11,05		
76,47	13	76,47	23,53	4	13	17	166	10,24	1985	1985	10,24		
82,35	14	82,35	17,65	3	14	17	164	10,37	1986	1986	10,37		21,04
37,93	11	82,76	17,24	1	10	29	153	18,95	1987	1987	18,95		
56,67	17	96,67	3,33	1	17	30	171	17,54	1988	1988	17,54		
32,14	9	96,43	3,57	1	18	28	163	17,18	1989	1989	17,18		
25,93	7	81,48	18,52	5	15	27	159	16,98	1990	1990	16,98		
54,84	17	67,74	32,26	6	8	31	154	20,13	1991	1991	20,13		
24,14	7	93,10	6,90	1	21	29	167	17,37	1992	1992	17,37	15,09	
9,68	3	96,77	3,23	1	28	31	181	17,13	1993	1993	17,13		
20,00	4	75,00	25,00	4	11	20	174	11,49	1994	1994	11,49		
40,74	11	77,78	22,22	3	13	27	169	15,98	1995	1995	15,98		
45,24	19	69,05	30,95	4	14	42	174	24,14	1996	1996	24,14		
47,62	20	83,33	16,67	2	17	42	160	26,25	1997	1997	26,25		
22,22	8	77,78	22,22	3	23	36	157	22,93	1998	1998	22,93		
25,71	9	77,14	22,86	7	19	35	182	19,23	1999	1999	19,23		
17,24	5	72,41	27,59	8	16	29	137	21,17	2000	2000	21,17		
21,88	7	84,38	15,63	4	21	32	140	22,86	2001	2001	22,86		
0,00	0	85,00	15,00	3	17	20	144	13,89	2002	2002	13,89	19,51	
0,00	0	76,67	23,33	7	23	30	150	20,00	2003	2003	20,00		
18,75	3	75,00	25,00	4	9	16	134	11,94	2004	2004	11,94		18,62
43,21	385	75,35	24,65	21	136	1014	5220	19,43			19,43		

Tafla 1 . Brautskráðir nemendur af málabraut frá MS frá upphafi skólans til vors 2004